

Fjarðabyggð
Aron Leví Beck Rúnarsson
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 20. júlí 2023
UST202306-099/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Dalur athafnasvæði – Fjarðabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fjarðarbyggðar er barst 9. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Dal athafnasvæði á Eskifirði.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir samtals 22 lóðum, þar af 21 lóð fyrir athafnastarfsemi og eina lóð fyrir veitumannvirki. Einnig er gert ráð fyrir að tvær samliggjandi lóðir við Daltún verði nýttar fyrir móttöku- og söfnunarstöð úrgangs til endurvinnslu eða förgunar, en staðsetning er óákveðin. Nýtingarhlutfall er almennt 0,2- 0,5 á lóðum fyrir athafnastarfsemi nema á þeim lóðunum sem eru minni en 1.000 m² , þar er lágmarksbyggingarmagn 200 m² .

Vatnsverndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þar sem athafnasvæðið er á jaðri vatnsverndarsvæðis að fjallað sé um svæðið í tillögunni og það komi fram í umhverfisskýrslu hver áhrif starfseminnar mun verða á verndarsvæðið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur